



Frágangur á bæjarhól á Nesi

vegna skemmda af stöfum framkvæmda

Maí 2011

NV nr. 13-11

Efnisyfirlit

Inngagur	3
Aðkoma	3
Framkvæmdin.....	3
Lokaorð.....	9
Heimildir	9

Inngangur

Í ágúst 2009 var vegna mannglegra mistaka grafin í burtu hluti af norðurhlið bæjarhólsins í Nesi. Fyrirtækið Fornleifarannsóknir ehf var ráðið til að meta skaðann og teikna upp mannvistarlög og hleðslur sem höfðu skemmst.

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða var síðan ráðin í september 2009 til að loka sniðinu og reyna að koma í veg fyrir frekari skemmdir á mannvistarlögum og byggingum. Verkinu stjórnaði Margét Hrönn Hallmundóttir fornleifafræðingur og til aðstoðar var Guðrún Jóna Þráinsdóttir fornleifafræðingur.

Hér á eftir verður gerð lýsing á því hvernig búið var um svæðið. Þar sem fornleifafræðingur hafði þegar metið svæðið og teiknað minjar þótti ekki ástæða til að gera það aftur og vísast í skýrslu og teikningar Albínu Pálsdóttur af svæðinu. Bráðarbirgðar skýrsla hefur þegar verið gefin út af Fornleifarannsóknnum ehf en fullnaðarskýrslu er ekki lokið þegar þetta er ritað.

Aðkoma

Aðkoman að svæðinu var ekki góð, grafa hafði tekið nokkuð af norðurhlið bæjarhólsins ásamt því að aftyrfa stórt svæði fyrir ofan. Sniðið var mjög stórt og nokkuð hátt eða vel yfir 2 metra þar sem það var hæst. Sýnilegir í sárinu voru tveir veggir ásamt þykkum mannvistarlögum sem innhéldu gólfög, gjóskulög og torf. Ljóst var á sniðinu að mannvistarlög á svæðinu eru þykk og miðað við gjóskulög (ógreind) voru byggingar á þessu svæði eldri en 1500 en líklega byggðar eftir 1226.

Framkvæmdin

Ljóst var að loka þyrfti sárinu sem grafan hafði gert í bæjarhólinn. Haldinn var fundur með verktökum, skipulagsfræðingi, arkitekt og safnstjóra Lækningaminjasafns þar sem farið var yfir málið og fornleifafræðingur fékk að vita hvernig framhaldið yrði með framkvæmdir á svæðinu.

Fornleifavernd ríkisins var höfð í samráði þegar ákveðið var hvernig staðið yrði að lokuninni.

Ákveðið var leggja jarðvegisdúk yfir sniðið, síðan var sett steinull og því næst krossviðsplötur.

Grasþökur voru síðan lagðar yfir á toppnum og þær festar með járnteinum. Áður voru fjarlægðir steinar sem höfðu fallið úr sniðinu. Til eru teikningar af þeim hjá Íslenskum Fornleifarannsóknnum ehf.

Að lokum var svo jarðvegur settur að plötunum. Um veggina sem stóðu út úr sniðinu var búið á þann hátt að steinull var skorin til og látin halda við hleðslurnar.

Jarðvegur hafði verið fjarlægður ofan af stóru svæði og þar mátti sjá í hleðslur rétt undir yfirborði ásamt því að mikið af gripum lágu í jarðveginum. Þetta orsakast að því að líklega hefur á einhverjum tímamarki verið jafnaður út öskuhaugur við Nes og það valdið því að um allan bæjarhólinn má sjá þunnt ruslslag sem samanstendur af móösku, ýmiskonar brotum ásamt fiski og dýrabeinum.

Sárið sjálf var mælt inn með nákvæmum staðsetningartækjum.

Orð nægja illa til þess að lýsa þessari framkvæmd og því fylgja ítarlega myndir með í þessari greinargerð.



Mynd 1. Aðkoma að svæðinu áður en verkið hófst.



Mynd 2. Tveir veggir standa út úr bakkanum. Mannvistarlög á milli, torf, gjósku og gólfteg. Tekið í SA.



Mynd 3. Veggur sem hrúnið hefur niður. Tekið í SA.



Mynd 4. Jarðvegsdúk var lagður að sniðinu og síðan steinull. Krossviðplötur lagðar að og síðan annað lag af jarðvegsdúk. Svæðið næst Lyfjafræðisafni. Tekið í SA.



Mynd 5. Torf lagt yfir og ferst með stuttum teinum. Stífa stett að krossviðnum og mól lögð að. Tekið í SA.



Mynd 6. Veggur A eftir lokun (sjá mynd 2). Tekið í N.




Mynd 7. Veggur B (sjá mynd 2). Tekið í N.



Mynd 8. Veggur B (sjá mynd 2). Búið um vegginn til að að hindra að hann hrynji. Jarðvegsdúkur settur yfir og jarðvegur settur að. Tekið í SSA.



Mynd 9. Stúðningur var stettur undir grjótt sem stóð út úr sniðinu.



Kort 1. Innmæling sem VSB Verkfræðistofa ehf, gerði á svæðinu sem skemmdist.



Mynd 10. Svæði þar sem skemmdir urðu á bæjarhólnum.



Mynd 11. Svæðið sem aftyrft var og þarf að lagfæra.

Lokaorð

Vinnuvélar skemmdu nyrsta hluta bæjarhólsins og hluti einhverra bygginga voru fjarlægðar. Nú hefur verið gengið frá safnalóðinni á þann hátt að ólíklegt er að grafið verði við enda bæjarhólsins nema með gjörbyltingu á lóð safnsins.

Búið var eins vel að sárinu og framast var unnt og samráð haft við fornleifafraeðinga sem unnið hafa á svæðinu ásamt Fornleifavernd ríkisins.

Íslenskar Fornleifarannsóknir höfðu áður komið, metið svæðið og teiknað upp þær hleðslur sem höfðu raskast og vísast í skýrslu þeirra¹.

Mannvistarlög eru milli 2-2 ½ metri á þykkt á þessu svæði. Greinilegt er að ruslslag með móösku hefur verið dreift yfir allan bæjarhólinn, líklega þegar ruslahaugur hefur verið sléttaður. Þetta veldur því að minjar á mismunandi aldri eru í efstu lögum á svæðinu. Undir því lagi eru svo byggingar frá Nesi allt niður á fyrstu aldir íslandsbyggðar.

Við lok þessa verks hafði verið búið svo um sárið að stuðningur er við bæjarhólinn þar sem grafið hafði verið í hann. Mikilvægt er að loka því svæði sem aftyrft var með þökum án þess að fara í frekara jarðrask, því stutt er á minjar á svæðinu og gripir frá mismunandi tímum liggja í efsta lagi.

Nauðsynlegt er að hafa samband og samráð við Fornleifavernd ríkisins við allar framkvæmdir stórar sem smáar sem gerðar eru á þessu svæði.

Heimildir

Albína Pálsdóttir. *Nesstofa 2009 Bráðabirgðaskýrsla 20. ágúst 2009*. Íslenskar fornleifarannsóknir ehf. Reykjavík 2009

¹ Albína Pálsdóttir 2009: 2-7